



Stefna um notkun nýrra veghönnunarreglna

Útgáfa 01.08.2010

Nýjar veghönnunarreglur voru kynntar með útgáfu 01.04.2009. Nú hefur sú útgáfa verið yfirfarin og gerðar ýmsar minniháttar lagfæringar. Rétt er þó að geta þess hér að um eina grundvallarbreytingu er að ræða í þeirri útgáfu sem hér er kynnt. Í kaflnum **1.2 Grunnatriði, vegtegundir** er tekin upp sú nýjung að taka í auknum mæli tillit til SDU við ákvörðun á hönnunarumferð. Þegar hlutfallið SDU/ÁDU ≥ 2 skal leggja sumarumferðina alfarið til grundvallar við ákvörðun á hönnunarumferð en línulega upp að því.

Veghönnunarreglur þær sem hér eru kynntar eru í samræmi við hina nýju útgáfu [frá 1. ágúst 2010] kaflanna 1, 2, 3, 4 og 5.

Kaflarnir fjalla um eftirfarandi atriði:

1. Grunnatriði (forsendulýsing, sem aðrir þættir eru byggðir á)
2. Þversnið (fjallar m.a. um vegtegundir, breiddir vega, hliðarsvæði o.fl.)
3. Vegferill (fjallar um rúmfræðilega hönnun vegferils í plani og hæð)
4. Vegamót, hluti (fjallar um lágmarksfjarlægð á milli vegamóta)
5. Vegrið (fjallar um forsendur fyrir uppsetningu vegriða og gerð þeirra)

Ákveðið hefur verið að veghönnunarreglur þessar verði lagðar til grundvallar við hönnun þjóðvega svo langt sem þær ná. Verulega meiri kröfur eru gerðar um gæði vega og umferðaröryggi en áður.

Reglurnar eru í eðli sínu ófrávíkjanlegar nema að því leyti að mögulegt er að sækja um með rökstuddri beiðni til vegamálastjóra ef hönnuðir telja brýnt að víkja frá þeim.

Hér á eftir fylgir stefnumótun Vegagerðarinnar um notkun þessara nýju veghönnunarreglna við hönnun nýbygginga, viðhalds, styrkingar og endurbóta og öryggisaðgerða.



Stefnumótun:

Nýbygging. (Stofnkostnaður)

Stofnvegir

Við nýbyggingu allra stofnvega, skal stefnt að því að hanna alla þætti með hliðsjón af veghönnunarreglum og hönnunarhraða ≥ 90 km/klst.

Tengivegir

Við nýbyggingu allra tengivega með umferð > 50 ÁDU_h , skal stefnt að því að hanna alla þætti með hliðsjón af veghönnunarreglum og hönnunarhraða 90 km/klst. Fyrir umferð < 50 ÁDU_h er heimilt er að ákvarða hönnunarhraða 70 eða 80 km/klst. með hliðsjón af aðstæðum.

Héraðsvegir

Við nýbyggingu allra héraðsvega með umferð > 50 ÁDU_h , skal stefnt að því að hanna alla þætti með hliðsjón af veghönnunarreglum og hönnunarhraða 80 eða 90 km/klst, með hliðsjón af aðstæðum. Fyrir umferð < 50 ÁDU_h er heimilt er að ákvarða hönnunarhraða 60 eða 70 km/klst. með hliðsjón af aðstæðum.

Viðhald:

I Almennt viðhald.

Almennt viðhald er hér skilgreint sem aðgerðir, sem einungis miðast við að halda verðgildi mannvirkis óbreyttu. Um slíkt viðhald gildir almennt að burðarþols- og slitlagshönnun eru endurskoðuð, en rúmfræðileg hönnun er óbreytt.

II Styrking og endurbætur.

Stofnvegir

Verulegar lagfæringar, einkum á efra burðarlagi.

Stefnt skal að því að endurhanna veginn í samræmi við veghönnunarreglur og hönnunarhraða ≥ 90 km/klst.

Minniháttar lagfæringar á efra burðarlagi.

Að lágmarki skal endurhanna veginn í sömu breidd. Laga skal umhverfi vegarins (öryggissvæðið) miðað við ofanefndan hönnunarhraða.

Tengivegir

Hönnunarumferð > 100 ÁDU_h eða lengd vegar er > 20 km.

Verulegar lagfæringar, einkum á efra burðarlagi.

Stefnt skal að því að endurhanna veginn í samræmi við veghönnunarreglur og hönnunarhraða 90 km/klst.

Minniháttar lagfæringar á efra burðarlagi.

Að lágmarki skal endurhanna veginn í sömu breidd og miða við hönnunarhraða 70 eða 80 km/klst, með hliðsjón af aðstæðum. Laga skal umhverfi vegarins miðað við hönnunarhraða 90 km/klst.

Hönnunarumferð < 100 ÁDU_h eða lengd vegar er < 20 km.

Að lágmarki skal endurhanna veginn í sömu breidd og þá er heimilt að miða við hönnunarhraða 60 eða 70 km/klst, með hliðsjón af aðstæðum. Laga skal umhverfi vegarins miðað við hönnunarhraða 90 km/klst.

Héraðsvegir

Þegar viðhaldsaðgerðir á héraðsvegum eru fólgnar í verulegum lagfæringum á efra burðarlagi og lagningu klæðingar, skal stefnt að því að endurhanna veginn í samræmi við veghönnunarreglur og hönnunarhraða 60 eða 70 km/klst með hliðsjón af aðstæðum.



Öryggisaðgerðir

Allar öryggisaðgerðir á stofn- tengi og héraðsvegum skal hanna samkvæmt veghönnunarreglum og þeim hönnunarhraða sem í gildi er á hverjum stað.

Ef víkja þarf frá ofanefndri stefnu skal fá til þess samþykki vegamálastjóra.

Viðbót janúar 2011:

Við gerð veghönnunarreglnanna hefur verið höfð hliðsjón af veghönnunarreglum ýmissa landa. Einkum hefur verið stuðst við norskar, sænskar, þýskar og danskar reglur auk HCM (Highway Capacity Manual). Oft þarf að nota erlendar reglur um þau atriði sem ekki er fjallað um í veghönnunarreglum. Í slíkum tilfellum skal nota norsku reglurnar svo langt sem þær ná, síðan þær þýsku og loks sænskar og danskar reglur eftir því sem á þarf að halda.

Viðbót maí 2011:

Reglur um lagningu bundins slitlags á umferðarlitla tengi- og héraðsvegi

(ódyr aðgerð, viðbótarreglur)

Eftirfarandi reglur skal nota til viðbótar við og með hliðsjón af stefnumótun þeirri sem fram kemur um styrkingu og endurbætur tengi- og héraðsvega í skjalinu *Stefna um notkun nýrra veghönnunarreglna* frá júní 2009. Markmiðið er að nota reglurnar við lágmarksaðgerðir við styrkingu vega og lagningu bundins slitlags þegar ekki er unnt að endurgera veginn samkvæmt fyllstu reglum um fyrirsjáanlega framtíð. Viðmiðun ≤ 15 m.kr./km, vísitala vegagerðar 14.000.

Umferð

- ▶ Miðað er við að reglur þessar gildi fyrir tengi- og héraðsvegi með umferð $\text{ADU} \leq 150$ bílar/sólarhring í dag

Burðarþol

- ▶ Hugsanlega hanna til 10 ára
- ▶ Skoða takmarkaða notkun mulins efra burðarlags, 10 – 15 cm
- ▶ Ekki komi til þungatakmarkana fyrir þá almennu umferð sem um veginn fer. Þungatakmarkanir koma til greina fyrir óreglulega umferð (almenn umferð gæti verið mjólkurbíllinn og áburðarflutningar, óregluleg umferð gæti verið umferð steypubíla).
- ▶ Markmiðið er að slitlag skemmist ekki á þíðutíma

Planbogar

- ▶ Rétt verði úr beygjum ef það kostar ekki mikið, $V_{\text{Hmin}} = 60$ km/h
- ▶ Settar stefnuörvar í beygjum $V_{\text{H}} \leq 70$ km/h
- ▶ Leiðbeinandi hraði í beygjum $V_{\text{H}} \leq 70$ km/h



- Íhuga lækkaðan hraða á öllum veginum ef hönnunarhraði er almennt lágur eða um stuttan vega er að ræða, ≤ 3 km. Leiðbeinandi hraði einnig í mjög kröppum beygjum
- Breiddaraukning er óþörf í kröppum beygjum ef mætisjónlengd er fyrir hendi

Hábogar

- Máluð heil lína og merkt blindhæð
- Leiðbeinandi hraði á kröppum blindhæðum
- Íhuga skiptingu blindhæðar (Tillaga að viðmiði: Þar sem ekki eru uppfylltar kröfur um háboga fyrir hönnunarhraða $V_H = 60$ km/h, tafla 3.4.2-1 veghönnunarreglur 1.4.2009, skal skipta blindhæðum í samræmi við reglur vegstaðals frá apríl 2001, en ekki afmarka með kantsteini.)

Öryggissvæði

- Fylgja reglum um öryggissvæði eftir megni
- Vegrið eftir aðstæðum

Langhalli

- Yfirleitt ekki gera neitt

Breidd

- Annað hvort 4 m (D_4) með útskotum eða $\geq 6,0$ m (skert C_7)
- Engin millistærð þar sem það leiðir almennt til að vafi leiki á um mætingar

Afvötnun

- Tryggja afvötnun yfirborðs og burðarlags. Hækkun vegar og/eða rásir (rásarbotn verði a.m.k. í sömu hæð eða helst lægri en neðri brún neðra burðarlags)

Hönnun

- Hanna plan- og hæðarlegu